

SAMNINGUR UM AFNOT AF HÚSNÆÐI BJARNASTAÐA

Garðabær (í samningi þessum nefndur leigusali/húseigandi) veitir félaginu XX
(í samningi þessum nefndur leigutaki) afnot af húsnæði Bjarnastaða fyrir starfsemi félagsins/samtakanna.

1. Aðilar að samningi

Leigusali: Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Kt. 570169-6109

Leigutaki: Nafn félags, heimilisfang, kt.

2. Lýsing á húsnæði

Staðsetning: Bjarnastaðir, Álftanes
Sjá meðfylgjandi teikningu.

3. Afnotatími

Um er að ræða tímabundinn samning um afnot af húsnæði tímabilið xx. september 2015 til 31. maí 2018.
Áður en samningur rennur út skal skoðað hvort samningurinn verði framlengdur og til hversu langs tíma.

4. Ástand húsnæðis

Leigutaki tekur við hinu leigða í því ástandi sem það er, enda hefur hann kynnt sér ástand húsnæðisins og sættir sig við það.

5. Viðhald á leiguhúsnæði

Breytingar á húsnæðinu eru óheimilar nema með sérstöku samþykki leigusala. Allar endurbætur á hinu leigða húsnæði verða eign húseigenda, án endurgjalds að leigutíma loknum. Leigutaka er þó heimilt að flytja með sér innréttingar og annað þess háttar sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins og er ekki veggfast.

6. Rekstrarkostnaður

Hiti og rafmagnskostnaður er innifalinn í húsaleigu. Ræsting er á ábyrgð leigusala, sjá einnig umgengnisreglur. Símakostnaður og annar kostnaður vegna t.d. internettengingar er á ábyrgð leigutaka.

7. Afnot af leiguhúsnæði

Leigutaki skuldbindur sig til þess að ganga vel að öllu leyti um hið leigða, úti sem inni, og bæta allt tjón sem kann að leiða af slæmri umgengni hans eða annarra sem eru á hans vegum í hinu leigða húsnæði. Ef umgengni í húsnæðinu truflar afnot annarra leigutaka af húsnæðinu verður gripið til viðeigandi ráðstafana ef þörf þykir og getur m.a. leitt til brottrekstrar úr húsnæðinu. Leigutaki skal kynna sér umgengnisreglur um sameign og fara eftir þeim.

Framleiga húsnæðis er óheimil.

Leigusali á rétt til aðgangs að húsnæðinu til eftirlits eða til að láta framkvæma á því úrbætur.

8. Leigukjör

Leigusali lætur leigutaka húsnæðið í té án endurgjalds.

DRÖG 09.09.15

9. Uppsögn samnings

Leigusali getur rift samningnum ef leigutaki gengur illa um hið leigða húsnæði, eða brýtur í öðrum atriðum skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og sinnir ekki aðfinnslum leigusala. Er þá leigusala heimilt að segja upp afnotasamningnum þegar í stað og skal leigutaki þá rýma hið leigða strax.

10. Tryggingar

Leigusali tryggir húsnæðið fyrir bruna og vatnsskemmdum en leigutaki ber ábyrgð á því lausafé, s.s. listaverkum, áhöldum og öðrum innanstokksmunum sem hann kemur með og ber að tryggja það gagnvart bruna, innbrotum og öðrum óhöppum sem kunna að valda tjóni.

11. Önnur ákvæði

Leigutaki skal kynna sér efni þessa samnings um afnot af húsnæði og skuldbindur sig með undirritun sinni að hlíta þessum ákvæðum.

Fylgiskjöl:

Teikning af húsnæði

Umgengnisreglur um Bjarnastaði

Garðabæ, september 2015

Leigusali:

Leigjandi:

Garðabær

Nafn félags

Vottar að rétttri undirskrift,
dagsetningu og fjárræði aðila:

kt.

kt.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026